

Alþingi

Erindi nr. P 118 / 1995

komudagur 20/2 1995

Samgönguráðuneytið

Hafnarhús - 150 Reykjavík - Sími 560-9630 - Bréfsími 562-1702

S Í M B R É F

Móttakandi: Samgöngunefnd Alþingis b.t. Guðjóns Rúnarssonar, ritara Bréfsími:	Sendandi: Helgi Jóhannesson Tilvísun: 9502100
Sent: 17. febrúar 1995	Fjöldi síðna: 1

Efni: Frv. vegna hámarksaldurs innfluttra skipa

Sendi hér með frumvarp til laga um breytingu á lögum eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum. Ráðuneytið hefur óskað eftir umsögn hagsmunaaðila um máli, þ.e. LÍÚ, Farnanna- og fiskimannasambands Íslands, Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Landssambands smábátæigenda, Sjómannasambands Íslands og Vélstjórafélags Íslands. Hjálagt fylgir umsögn Siglingamálastofnuna ríkisins um málið.

Kveðja, Helgi Jóhannesson

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1995.)

1. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Skip, sem keypt er eða leigt frá útlöndum til skráningar hér á landi, skal hafa verið smíðað í samræmi við reglur viðurkennds flokkunarfélags um flokkuð skip eða sambærilegar reglur. Einnig skal slíkt skip fullnægja íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og hæfæri. Skal skoðun fara fram áður en það er flutt inn. Að skoðun lokinni kveður siglingamálastjóri á um hvort hann mælir með innflutningi skips eða ekki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fellt verði brott ákvæði laga um eftirlit með skipum nr. 35/1993 sem kveður á um að óheimilt sé að flytja inn skip sem er 15 ára eða eldra. Jafnframt er lagt til að skip sem fyrirhugað er að flytja inn verði að hafa verið smíðað í samræmi við reglur viðurkennds flokkunarfélags um flokkuð skip eða sambærilegar reglur.

Lagaákvæði um hámarksaldur innfluttra skipa var upphaflega sett að gefnu tilefni í lok kreppunnar. Í greinargerð með þessu ákvæði laga nr. 78/1938 segir:

"Að undanfögnu hefur verið keypt nokkuð af gömlum skipum til landsins, og hefir það í flestum tilfellum orðið til esnalegs tjóns. Ekki þótti þó fært að fella niður þær undanþágur, sem fólust í eldri lögum, en hinsvegar bætt inn í greinina ákvæði um það, að banna að kaupa til landsins eldri skip en 12 ára. Samskonar ákvæði hafa aðrar þjóðir í sinni löggjöf."

Mikið hefur breyst síðan þetta lagaákvæði var fyrst lögfest. Á þessum tíma voru skrokkar skipa almennt "hnoðaðir" en eru nú rafsoðnir, skipastál var ákaflega lélegt í samanburði við skipastál síðustu áratuga og því endingarlítið. Hjúpun og endingargildi skipshluta hefur tekið stórfelldum framförum, ennfremur vélar og búnaður skipa. Samkvæmt upplýsingum frá Lloyds Register of Shipping er núverandi meðalaldur kaupskipa heimsins um það bil 16 ár og er

talið fyrirsjáanlegt að hann muni hækka nokkuð enn á næstu árum. Almennar viðmiðanir um líftíma kaupskipa hafa hækkað á sama tíma úr 20 í 25 til 30 ár. Sambærilegar tölur fyrir fiskiskip sýna svipaða þróun.

Í Noregi er hámarksaldur innfluttra skipa 20 ár, en engar reglur gilda um þetta í Danmörku og Svíþjóð. Í fyrirbyggjandi tillögum Evrópusambandsins um sameiginlega skráningu kaupskipa allra aðildarríkjanna er miðað við 20 ára hámarksaldur við innflutning skipa.

Með lögum nr. 86/1994 var gerð breyting á lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993. Frumvarpið var flutt af samgöngunefnd Alþingis, að frumkvæði sjávarútvegsnefndar Alþingis. Sjávarútvegsnefnd lýsti þeirri eindregnu skoðun sinni að endurskoða þyrfti reglu 2. mgr. 8. gr. laga um eftirlit með skipum um að eigi megi flytja inn fiskiskip sem er 15 ára eða eldra. Með lögum nr. 86/1994 voru heimilaðar ákveðnar undanþágur frá skilyrði um hámarksaldur fiskiskipa. Annars vegar var heimilað að taka aftur á skipaskrá skip sem afskráð voru samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða frá og með 1. september 1992 til og með gildistöku nýrra laga um stjórn fiskveiða. Hins vegar var heimilað að skrá fiskiskip sem keypt höfðu verið erlendis frá til veiða utan íslensku efnahagslögsögunnar eftir 1. september 1992 til 30. apríl 1994.

Með lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 var hámarksaldur skipa hækkaður úr 12 árum í 15 ár og ákvæðið einungis bundið við fiskiskip. Í 1. mgr. 8. gr. laga um eftirlit með skipum er kveðið á um að skip sem keypt er frá útlöndum til skráningar hér á landi skuli fullnægja íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri. Skoðun skal fara fram áður en það er flutt inn. Að skoðun lokinni kveður siglingamálastjóri á um hvort hann mælir með innflutningi eða ekki. Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að völdkomandi skip hafi verið smíðað í samræmi við reglur viðurkennds flokkunarfélags um flokkun skipa eða sambærilegar reglur. Með því er verið að tryggja að skipið sé að minnsta kosti smíðað á fullnægjandi hátt, en erfitt getur verið að sannreyna það við skoðun á gömlu skipi. Þetta ákvæði tekur til allra skipa sem keypt eru eða leigð frá útlöndum til skráningar hér á landi. Er þessi skipan mála í samræmi við tilskipanir ESB um þetta efni, en þær eru enn á undirbúningsstigi. Þetta ákvæði á að tryggja að ekki verði heimilaður innflutningur annarra skipa en þeirra sem eru vel búin og örugg, enda þurfa þau að fá íslenskt haffærisskrteini og þar með uppfylla skilyrði íslenskra laga og reglna um gerð og búnað skipa. Slíkt er mun mikilvægara um öryggi skipsins á sjó heldur en aldurs skipsins einn og sér.

**SIGLINGAMALASTOFNUN RÍKISINS**
DIRECTORATE OF SHIPPING

Hringbraut 121 Pósthólf 7200 127 Reykjavík

Sími: 552.58.44 Bréfúmer: 552.98.35

Hringbraut 121 P.O. Box 7200 127 Reykjavík
Ísland

Tel: +354 552.58.44 Fax: +354 552.98.35

Til/To: Samgönguráðuneytið	Faknr.:
b.t./At: Ragnhildur Hjaltadóttir	Telefax no.: 562.17.02
Subject: Tillaga að breytingu á lögum nr. 35/1993 um eftirlit með skipum	Dagsetning: Date: 17.02.1995
Frá: From: Benedikt E. Guðmundsson	Heildarfjöldi síðna (þessi meðtalín): Pages Transmitted (including this page): 1

Our ref.: 02-02

Málefni: Tillaga að breytingu á lögum nr. 35/1993 um eftirlit með skipum

Með vísan til samtals okkar í morgun varðandi fyrirhugaða niðurfellingu aldursákvæðis í 8. gr. ofangreindra laga leggur Siglingamálastofnun til eftirfarandi breytingar.

Í stað núvarandi texta í 8. gr. komi:

„Skip, sem keypt er eða leigt frá útlöndum til skráningar hér á landi, skal hafa verið smíðað í samræmi við reglur viðurkennds flokkunarfélags um flokkun skip eða sambærilegar reglur. Einnig skal slíkt skip fullnægja íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og hæfari. Skal skoðun fara fram áður en það er flutt inn. Að skoðun lokinni kveður siglingamálstjóri á um hvort hann mælir með innflutningi skips eða ekki.“

Greinargerð með tillögu að breytingu:

Í núverandi texta 8. gr. ofangreindra laga er ákvæði þess efnis að eigi megi flytja inn fiskiskip sem er 15 ára eða eldra. Á sínum tíma var talin þörf á slíku aldursákvæði m.a. vegna þess að hér áður fyrr voru skip oft smíðuð í samræmi við reglur sem voru óþekktar hérlendis. Við skoðun á slíkum skipum getur verið erfitt að komast að því að hve miklu leyti viðkomandi skip uppfyllir íslenskar reglur um smíði skipa.

Siglingamálastofnun telur ekkert því til fyrirstöðu að umrætt aldursákvæði verði fellt úr lögnum en á hinn bóginn telur stofnunin nauðsynlegt að bæta við ákvæði þess efnis að viðkomandi skip hafi verið smíðað í samræmi við reglur viðurkennds flokkunarfélags um flokkun skipa eða sambærilegar reglur. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja að skipið sé a.m.k. smíðað á fullnægjandi hátt en einmitt það er erfðast að sannreyna við skoðun á gömlu skipi. Í tillögunni er einnig lagt til að þetta ákvæði nái ekki einungis til fiskiskipa heldur til allra skipa sem keypt eru eða leigð frá útlöndum til skráningar hér á landi. Í því sambandi má benda á að þau skip sem umrætt aldursákvæði nær ekki til, þ.e. öll skip önnur en fiskiskip, og keypt hafa verið til landsins á undanförunum árum uppfylla þetta ákvæði sem hér er lagt til að bætt verði inn í lög.

Loks má geta þess að í drögum að nokkrum tilskipunum ESB, sem eru í vinnslu um þessar mundir, er samakonar ákvæði og sem hér er lagt til að bætt verði inn í lög.

Virðingarfyllt,

Benedikt E. Guðmundsson
siglingamálastjóri



FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

FFSÍ

Reykjavík, 17. febrúar 1995.

Samgönguráðuneytið,
b.l. Ragnhildar Hjaltadóttur,
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu,
150 Reykjavík.

Efni: Umsógn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum.

Visað er til símhreís yðar, dags. 17. febrúar 1995, þar sem óskað er eftir umsógn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um framangreind drög að frumvarpi, sem felur í sér að fella brott ákvæði úr lögum, sem kveður á um að óheimilt sé að flytja inn skip sem er 15 ára eða eldra.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands gerir ekki athugasemd við umrædd drög að frumvarpi til laga, enda sé tryggt að innflutt skip til landsins uppfylli allar þær kröfur, sem lög og reglur um skip og siglingamtál kveða á um.

Virðingarfyllt,
Lh. Farmanna- og fiskimannasambands
Íslands

Benedikt Valsson
Benedikt Valsson,
framkv.stj. FFSÍ

Afrit sent til:

Jóns Birgis Jónssonar,
ráðuneytisstjóra.

Gudjon
Fax 630610

FFSÍ, BORGARTÚNI 18, 105 REYKJAVÍK,
SÍMI (91) 629933, FAX (91) 629934
KENNITALA 520169-3509